



## Grunnskólahátíð

Grunnskólahátíð verður haldin 6. febrúar næstkomandi í Íþróttahúsinu Strandgötu og Gaflaraleikhúsin. ÍTH og skólarnir hafa staðið að þessu verkefni í áraraðir.

6. febrúar verða leiksýningar um daginn í Gaflaraleikhúsinu. Hér sýna bæði leiklistarval sem er kennt í leikhúsinu og skólarnir sjálfir söng- og leiklistaratriði. Stefnt er að því að vera einnig með foreldrasýningu.

Um kvöldið dansleikurinn mun hefjast kl 19:30 og ljúka um kl 23:00 Allir verða keyrðir heim að dansleik loknum. Páll Óskar og Ásgeir Trausti munu skemmta auk söngatriða fra sigurvegurum í söngkeppni skólanna.

Miðaverð verður um 2500 kr. Fulltrúar nemenda hafa unnið að þessum undirbúningi ásamt starfsmönnum ÍTH. Þetta er stærsti unglíngaviðburður okkar og hefur verið starfsemi ÍTH og unglíngunum sjálfum til sóma.

## Veistu svarið

Til stendur í vetur að endurvekja spurningakeppnina Veistu svarið sem skólarnir og ÍTH stóðu að. Í keppninni hefur lið frá öllum unglíngadeildum grunnskólanna í Hafnarfirði tekið þátt auk liðs frá Álftanesi. Um er að ræða útsláttarkeppni sem fram fer á starfsstöðunum en í skoðun er að halda úrslitakvöldið annarstaðar s.s. í Bæjarbíó.

ÍTH hefur ráðið Árna Guðjónsson, keppanda í liði Hafnarfjarðar í Útsvari, til að semja spurningar og stýra keppninni. Keppnin sjálf fer fram í lok janúar og í febrúar.